



Reglur félagsþjónustu um akstursþjónustu fyrir aldraða á Húsavík

1. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Markmið

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er að tryggja aðgang að þjónustu s.s. þjálfun, heilbrigðisþjónustu og tómsendum og gera eldri borgurum á Húsavík kleift að búa sem lengst heima.

2. gr. Réttur til akstursþjónustu

Umsækjandi þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði svo umsókn um akstursþjónustu sé samþykkt:

- Umsækjandi skal vera 67 ára og eldri.
- Umsækjandi skal eiga lögheimili á Húsavík.
- Umsækjandi skal búa utan stofnana.
- Umsækjandi hefur ekki aðgang að eigin farartæki.

Eldri borgarar sem dvelja tímabundið eða til lengri tíma á sjúkrahúsi, í dvalarrými eða á hjúkrunarheimilum, eiga ekki rétt á akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum sbr. lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra. Um akstursþjónustu eldri borgara sem eingöngu geta komist ferða sinna í sérútbúnum bifreiðum fer samkvæmt reglum um akstursþjónustu fatlaðra.

2. kafli Umsóknir og skilgreining á akstursþjónustu og gjald

3. gr. Umsókn um akstursþjónustu fyrir aldraða

Sótt er um akstursþjónustu aldraðra rafrænt á heimasíðu Norðurþings eða á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Umsókn um akstursþjónustu skal berast til starfsmanns félagsþjónustu í málefna aldraðra. Umsókn skal metin svo fjótt sem auðið er.

4. gr. Skilgreining á þjónustu

Akstursþjónusta miðast við ferðir vegna heilbrigðisþjónustu með því er átt við ferðir til lækna, á hjúkrunarvakt, til viðurkenndra fóttaaðgerðastofa, tannlækna og sjúkrabjálfa. Akstursþjónustu aldraðra er einnig ferðir í apótek til lyfjakaupa, verslunarferð einu sinni í viku og til að sækja félagsstarf innan Húsavíkur.

Aksturþjónusta aldraðra er veitt á milli kl. 8:00 til 16:00 alla virka daga.

5.gr. Ferðir

Notendur þjónustunnar skulu huga að því að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Notanda er heimilt að óska eftir aðstoð bifreiðarstjóra við að komast að og frá bifreið og með farangur ef þörf er á. Bifreiðarstjóri þarf ekki að biðja á meðan notandi sinnir erindum og óheimilt er að biðja bifreiðarstjóra um að sinna erindum fyrir sig. Notanda er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann en ber að taka það fram þegar ferð er pöntuð.

6. gr. Gjald fyrir akstursþjónustu aldraða

Ferð skv. reglum þessum er skilgreind sem akstur á milli tveggja staða, frá einum stað til annars, innan Húsavíkur. Bifreiðarstjóri skráir ferðir á þar til gert eyðublað og fá notendur senda rukkun fyrir skráðar ferðir í byrjun næsta mánaðar á eftir. Rukkað er skv. gjaldskrá Norðurlþings. Aðstoðarmaður notenda greiðir sama gjald og notandi. Séu fleiri en einn notandi í sömu ferð skulu allir notendur greiða umsamið gjald.

7. gr. Upplýsa bifreiðarstjóra

Nauðsynlegt er að bifreiðarstjóra sé kunnugt um sjúkdóma eða aðrar raskanir notanda sem gætu haft áhrif á aksturinn eða þarfnast inngripa af hálfu bifreiðarstjóra. Því ber að upplýsa starfsmann Félagsþjónustu Norðurlþings um slíkt þegar sótt er um þjónustuna.

Forföll ber að tilkynna til bifreiðarstjóra eins skjótt og auðið er.

8. gr. Ábyrgð

Um gjald fyrir akstursþjónustuna vísast til gjaldskrár Norðurlþings þar að lútandi. Sérstakt gjald verður greitt fyrir akstur um helgar og á virkum dögum eftir kl. 16:00. Skal við það miðað að tekið sé gjald sem stendur undir kostnaði af launa- og eldsneyfiskostnaði.



9. gr. Málsmeðferð

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun Félagsþjónustu Norðurbings til Fjölskylduráðs Norðurbings innan fjögurra vikna frá því að honum bárust upplýsingar um ákvörðunina. Ákvörðun Fjölskylduráðs Norðurbings má skjóta til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda bárust upplýsingar um ákvörðun nefndarinnar.

10. gr. Varðveisla gagna og trúnaður

Málgögn er varðar persónulega hagi umsækjenda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra honum tengdum, í starfi sínu, er starfsmönnum óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

11. gr. Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu sveitastjórnar Norðurbings dags. 3. apríl 2025

